



Umhverfisverðlaun atvinnulífsins 2015

Umhverfisverðlaun atvinnulífsins 2015
verða afhent miðvikudaginn 30. september
fyrirtækjum sem staðið hafa sig vel
í umhverfismálum.

Athöfnin fer fram á Hilton Reykjavík Nordica á Umhverfis-
degi atvinnulífsins. Óskað er eftir tilnefningum fyrir
9. september nk. með tölvupósti á sa@sa.is merktum
„Tilnefning til umhverfisverðlauna atvinnulífsins“.

Veitt verða tvönn verðlaun. Annars vegar verður
umhverfisfyrirtæki ársins og hins vegar framtak ársins
verðlaunað. Dómnefnd velur úr tilnefningum og mun
meðal annars skoða eftirfarandi þætti:

Umhverfisfyrirtæki ársins

- Hefur innleitt umhverfisstjórnunarkerfi
- Hefur aflað viðurkenninga fyrir starfsemina/
afurðirnar
- Hefur sjálfbæra nýtingu í stefnu sinni
- Hefur dregið úr úrgangi og nýtir aðföng vel
- Vinnuumhverfi öruggt
- Fyrir liggur áætlun um öryggi og heilbrigði
á vinnustað
- Gengur lengra en lög og reglur segja til um til
að draga úr áhrifum starfseminnar á umhverfið

Framtak ársins

- Hefur efnt til athyglisverðs átaks til að draga úr
umhverfisáhrifum af starfsemi sinni
- Hefur komi fram með nýjung – nýja vöru,
þjónustu eða aðferð – sem hefur jákvæð
umhverfisáhrif og gagnast víða.

Dagskrá Umhverfisdags atvinnulífsins verður auglýst þegar nær dregur.